

## 27. gr.

Félagsmálaráðherra f. h. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er heimilt að taka allt að 150 m. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að gera upp gjaldfallnar skuldir Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins. Vexti og afborganir af láni þessu greiðir Jöfnunarsjóðurinn af tekjum sínum óskiptum, sbr. ákvæði h-liðar 8. gr. og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lántöku þessa með sjálfskuldarábyrgð eða taka jafnhátt lán og endurlána það Jöfnunarsjóði.

## 28. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 1 222 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

## 29. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka erlend lán á árinu 1984 að fjárhæð 680 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána til atvinnuvega.

## 30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

## FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi 106. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, þriðjudaginn 22. maí 1984. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

*Gjört í Reykjavík, 22. maí 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*